

# **ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA**

**Úrskurður  
úrskurðarnefndar fjarskipta-og póstmála  
í máli nr. 2/2014**

## **Kæra Árvakurs á ákvörðun PFS nr. 3/2014- frestun réttaráhrifa**

Úrskurðanefnd fjarskipta- og póstmála vísar til viðbótarkrafna Árvakurs við kæru á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 3/2014 sem bárust úrskurðarnefnd þann 5. september sl. Annars vegar krefst kærandi þess í annað sinn að úrskurðarnefnd fresti réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæran er til meðferðar og hins vegar að fá aðgang að kostnaðarbókhaldi Íslandspósts svo og ákvörðun PFS nr. 3/2014 með trúnaðarupplýsingum.

Hér á eftir verður aðeins fjallað um kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar. Fjallað verður um kröfu hans um aðgang að gögnum þegar efnishlið málsins verður skoðuð.

Úrskurðarnefnd hafnaði kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar með úrskurði nr. 2/2014, þann 9. júní sl., m.a. með þeim rökum að gjaldskrá Íslandspósts (ÍSP) hefði ekki tekið gildi. Ný krafa kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar er rökstudd með því að ný verðskrá Íslandspósts hafi tekið gildi þann 1. ágúst 2014. Að öðru leyti eru röksemdir kæranda efnislega þær sömu og lágu fyrir úrskurðarnefnd í fyrri úrskurði um sama efni.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 36/2009 skal PFS gefin kostur á að tjá sig skriflega um kröfu um frestun réttaráhrifa áður en úrskurðarnefnd fjarskipta-og póstmála fjalli um málið. Óskað var eftir athugasemendum PFS við kröfu kæranda og bárust þær þann 11. september sl. Jafnframt var óskað eftir athugasemendum ÍSP enda þótt lagaskylda standi ekki til þess og bárust þær þann 25. september 2014.

Þar kemur m.a. fram að tilkynning ÍSP um nýja gjaldskrá frá ágúst 2014 varði ekki hina kærðu ákvörðun. Sérstök gjaldskrá fyrir blöð og tímarit og þeir afsláttarskilmálar sem þar komi fram séu enn í gildi. Gjaldskráin feli í sér hækkun á verðskrá, þ.e. um 15 kr. hækkun á hvert blað í þyngdarflokknum 51-100 g en þær breytingar sem kveðið sé á um í hinni kærðu ákvörðun hafi ekki komið til framkvæmda. Gjaldskrárhækkun þessi komi í framhaldi af ákvörðun PFS nr. 16/2014 sem fjallaði um breytingar á gjaldskrá innan einkaréttar.

Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 36/2009 kemur fram að kæra til úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar PFS. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er úrskurðarnefnd þó heimilt að kröfu málsaðila, að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því, í samræmi við stjórnsýslulög. Í 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga segir að æðra stjórnvaldi sé heimilt, þegar ástæður mæla með því, að fresta réttaráhrifum ákvörðunar.

Beiting undanþágunnar kemur helst til greina sé um að ræða íþyngjandi ákvarðanir einkum þannig að hagsmunir myndu glatast eða skerðast verulega ef réttaráhrifum viðkomandi ákvörðunar væri ekki frestað.


Við athugun á gögnum málsins og sjónarmiðum aðila telur úrskurðarnefnd að enda þótt breytingar hafi orðið á gjaldskrá þá séu þær ekki til komnar vegna hinnar kærðu ákvörðunar PFS. Tilkynning ÍSP um hækken á gjaldskrá kemur í framhaldi af ákvörðun PFS nr. 16/2014 sem fjallaði um breytingar á gjaldskrá innan einkaréttar. Hin kærða ákvörðun PFS nr. 3/2014 hefur því ekki enn komið til framkvæmda.

Úrskurðarnefnd telur því að ekki séu fram komnar ástæður til að verða við kröfu kæranda. Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa er því hafnað.


Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008 um Póst- og fjarskiptastofnun.

### Úrskurðarorð


Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa ákvörðunar PFS nr. 3/2014 er hafnað.



Gunnar Pór Pétursson



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Kirstin Flygenring". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the top.

Kirstin Flygenring